

Ed.

574. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum nr. 101 19. júní 1933.

Frá Magnúsi Gíslasyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni, Jóhanni Jósefssyni.

Aftan við frv. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

2. gr.

Nýlagning þeirra vega, sem bætast við tölu þjóðvega árið 1940, skal að $\frac{2}{3}$ kostuð af ríkinu, en að $\frac{1}{3}$ af viðkomandi héruðum.

3. gr.

Aftan við 59. gr. laganna bætist:

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðhald þeirra vega, er bætast við tölu þjóðvega eftir frumvarpi þessu, skal árin 1940 og 1941 kostað af viðkomandi héruðum.